

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Andréssi Inga Jónssyni um HIV.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvenær greindist fyrsta tilvik HIV-smits á Íslandi? Hversu mörg tilvik greindust frá þeim tímavarki til ársins 2000 og hversu mörg létust af völdum sýkingarinnar? Svör óskast greind eftir kyni og ári.

Fyrsta tilfelli HIV á Íslandi greindist árið 1983. Frá árinu 1983 til ársins 2000 greindust 143 einstaklingar hér á landi með HIV, þar af 113 karlmenn og 30 konur (sjá töflu 1).

Tafla 1. Fjöldi greininga á HIV/alnæmi árin 1983–2000 eftir kyni.

Ár	Fjöldi tilfella alls	Karlar	Konur
1983	1	1	0
1984	0	0	0
1985	16	15	1
1986	13	11	2
1987	5	4	1
1988	13	10	3
1989	6	5	1
1990	5	5	0
1991	10	8	2
1992	11	10	1
1993	3	2	1
1994	8	6	2
1995	7	5	2
1996	6	4	2
1997	9	8	1
1998	8	5	3
1999	12	7	5
2000	10	7	3
Samtals	143	113	30

Sóttvarnalæknir hélt skrá yfir fjölda HIV-tilfella á Íslandi á árunum áður en smitsjúkdómaskrá var formlega sett á laggirnar með gildistöku sóttvarnalaga, nr. 19/1997, hinn 1. janúar 1998. Tölur frá 1983 til 1997 voru færðar afturvirkir í smitsjúkdómaskrá með tilkomu nýju sóttvarnalaganna, nr. 19/1997. Vera kann að ósamræmi sé í upplýsingum á tímabilinu 1983–1997 í mismunandi heimildum og gæti það verið upp á eitt tilfelli einhver árin á fyrrgreindu tímabili.

Í ljósi þess að tölur um HIV-tilfelli voru settar inn afturvirkir fyrir tíma smitsjúkdómaskrár þarf að setja sama fyrirvara við tölur um andlát þar sem alnæmisveirusjúkdómur er undirliggjandi dánarorsök, þ.e. að ósamræmi sé í heimildum á tímabilinu 1983–1997, ásamt því að kóðar skila engu í dánarmeinaskrá fyrr en árið 1990. Fyrir þann tíma skráði sóttvornalæknir andlát, án kyngreiningar, þar sem alnæmisveirusjúkdómurinn var undirliggjandi dánarorsök: Eitt andlát árið 1985, tvö andlát árið 1987 og tvö andlát árið 1988.

Í töflu 2 má sjá fjölda látinna í dánarmeinaskrá þar sem alnæmisveirusjúkdómur er undirliggjandi dánarorsök árin 1990–2000. Innan sviga er getið þess fjölda sem átti lögheimili á Íslandi við andlát til samræmis við skilyrði í opinberum dánartölum. Ef engin tala er í sviga var lögheimili allra á Íslandi.

Tafla 2. Fjöldi látinna í dánarmeinaskrá þar sem alnæmisveirusjúkdómur er undirliggjandi dánarorsök (ICD-9 kóðar 279.5 eða 279.6; 042–044; ICD-10 kóðar B20–B24).

Dánarár	Karlar	Konur	Alls
1990	4	1	5
1991	1	0	1
1992	2 (1)	0	2 (1)
1993	7 (5)	1	8 (6)
1994	4	0	4
1995	4 (3)	0	4 (3)
1996	2 (1)	0	2 (1)
1997	1	0	1
1998	0	0	0
1999	1	0	1
2000	1	0	1